158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 385 — 175. mál.

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn frá Njáli Trausta Friðbertssyni um fjarskiptakerfi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða farsíma- og gagnaflutningskerfi nýta ráðuneytið og stofnanir þess í fjarskiptum sínum? Svar óskast sundurliðað eftir framleiðanda og stofnun.

Forsætisráðuneytið og stofnanir þess nota fjarskiptaþjónustu margra fjarskiptafyrirtækja sem veitt er um ýmis fjarskiptakerfi fyrir farsíma og gagnaflutning. Eðli máls samkvæmt fara fjarskipti tveggja aðila um þau fjarskiptakerfi sem fjarskiptaþjónusta beggja aðila byggist á. Því er ómögulegt að segja hvaða fjarskiptakerfi eða búnaður kemur við sögu í fjarskiptum við aðra aðila.

Sundurliðun á fjarskiptaþjónustu einstakra ráðuneyta og ríkisstofnana og notkun þeirra á tilteknum farsíma- og gagnaflutningskerfum eða búnaði slíkra kerfa getur skapað öryggisógn. Slíkar upplýsingar mætti nota til skipulagðra netárása á umrædd kerfi með það fyrir augum að hafa áhrif á fjarskipti stjórnvalda og þá þjónustu sem reiðir sig á fjarskipti og gagnaflutning. Með hliðsjón af slíkri mögulegri öryggisógn er á grundvelli öryggishagsmuna hvorki upplýst hvaða farsíma- og gagnaflutningskerfi eru notuð né hverjir framleiðendur búnaðar þessara kerfa eru.